

176. Þingflokksfundur, mánudaginn 5. september 2016, kl. 13.

Fundinn sitja: Ásta Guðrún, Birgitta, Helgi Hrafn og Guðjón.
Berglind ritar fundargerð.

1. Fundargerð

Fundargerð 175. þingflokksfundar var samþykkt.

2. Dagskráin í dag

Farið var yfir dagskrá þingfundar í dag og verkum skipt. Ásta og Helgi taka þátt í sérstökum umræðum um sölu á eignum sem komu frá slitabúum föllnu bankanna.

3. Óundirbúna/störf þingsins

Helgi Hrafn ræðir við utanríkisráðherra um samskipti Íslands og Tyrklands í óundirbúnum fyrirspurnartíma í dag. Jafnframt var ákveðið var að þingmál Pírata, sem lögð hafa verið fram, verði til umræðu á næsta þingflokksfundi.

4. Bréf af fundum þingflokksformanna og forsætisnefndar

Birgitta gerði grein fyrir fundi þingflokksformanna og fór yfir drög að dagskrá vikunnar en starfsáætlun liggur ekki fyrir. Helgi gerði grein fyrir fundi forsætisnefndar. Rætt var um þingsályktunartillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar.

5. Bréf af nefndafundum

Birgitta greindi frá kynningu sem fram fór í morgun á nýútkominni skýrslu um þjóðpeningakerfi sem KPMG vann fyrir forsætisráðuneytið. Birgitta greindi einnig frá fundi efnahags- og viðskiptanefndar þar sem afnám hafta var til umræðu.

6. Fulltrúar allra þingflokka senda friðarkyndilinn til Grænlands 26. september

Ásta og Birgitta hafa áhuga á að vera viðstaddar viðburðinn. Guðjón svarar erindinu.

7. Boð um heimsókn í Náttúruminjasafn Íslands

Lagt var til að Olga og Sara fari fyrir hönd þingflokksins. Guðjón hefur samband.

8. Fundur með Viðskiptaráði

Ákveðið var að bjóða Viðskiptaráði á fund á skrifstofu þingflokksins þegar þingstörfum er lokið. Guðjón verður í sambandi við fulltrúa Viðskiptaráðs.

9. Önnur mál

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 13.50